



Akureyrarbær

Alþingi - Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Akureyri, 10. desember 2020  
2020110952 / 01-615

**Efni:** Frumvarp til laga um opinberan stuðning við nýsköpun, 322. mál

Bæjarráð Akureyrarbæjar hefur á fundi sínum þann 10. desember 2020 gert eftirfarandi bókun:

*Bæjarráð Akureyrarbæjar telur óásættanlegt að leggja fram jafn loðið og óljóst frumvarp og raun ber vitni. Gríðarlegir hagsmunir eru undir í því að skapa öflugt stuðningskerfi við nýsköpun á landsbyggðunum. Bæjarráð skorar því eindregið á ráðherra að setja fram skýr mælanleg markmið, árangursmælikvarða, ábyrgðaraðila og fjármögnun. Auk þess er nauðsynlegt að útfæra með hvaða hætti ná skal því markmiði á landsbyggðunum að efla nýsköpun með sveigjanlegu stuðningskerfi, sterkum tengslum við háskólasamfélag, atvinnulíf og hagaðila. Þá telur bæjarráð eðlilegt að í stjórn Tækniseturs í Vatnsmýrinni sé að minnsta kosti einn stjórnarmaður búsettur utan höfuðborgarsvæðisins, auk þess sem unnið verði að útfærslu á því með hvaða hætti jafna eigi möguleika fyrirtækja og einstaklinga á landsbyggðunum til þess að nýta aðstöðu og sérhæfðan tækjabúnað í Vatnsmýrinni.*

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,  
fyrir hönd bæjarstjóra



Elva Björk Einarsdóttir  
sérfræðingur á skjalasafni